

Fundargerð
25. aðalfundar
Sorpstöðvar Suðurlands

haldinn 7. og 8. september 2006
í Hveragerði

Setning.

Ágúst Ingi Ólafsson varaformaður stjórnar setti fundinn og flutti kveðju frá Einari Njálssyni formanni sem var fjarstaddur.

Hann tilnefndi þau **Guðmundur Þór Guðjónsson** og **Unni Þormóðsdóttur** sem fundarstjóra og **Helgu Kristjánsdóttur** og **Björgu Hilmisdóttur** sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól hann fundarstjórum stjórn fundarins.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar að kjörbréfa- og kjörnefnd:

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður

Margrét K. Erlingsdóttir

Sveinn Pálsson

Þorgils Torfi Jónsson og

Þorsteinn Hjartarson.

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók nefndin þegar til starfa.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.

Skýrsla stjórnar.

Ágúst Ingi Ólafsson, varaformaður þakkaði nefndarmönnum gott samstarf. Hann flutti skýrslu stjórnar, en stjórnin hefur haldið 11 formlega fundi auk aukaaðalfundar og annarra funda sem haldnir hafa verið um hin ýmsu mál sem hafa verið á döfnni hverju sinni. Hann ræddi m.a. urðunarsvæðið á Kirkjuferjuháleigu, en það stýttist í að urðun verði hætt þar. Hann ræddi um ýmsar leiðir sem farnar eru í meðhöndlun sorps, en stöðugar framfarir hafa orðið. Í lok máls síns fól varaformaður fundarstjórum stjórn fundarins.

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður kjörbréfa- og kjörnefndar kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir kjörbréfum, en alls voru mættir 9 fulltrúar en gild kjörbréf eru 9. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

Skýrsla framkvæmdastjóra.

Guðmundur Tryggvi Ólafsson framkvæmdastjóri kynnti fyrirtækið og starfsemi þess.

Afkoman var góð síðasta ár, gjaldskrá hækkaði um síðustu áramót um 4.1% í samræmi við verðlagsþróun. Rætt um urðun sorps, aukningu á sorpmagni en um 10% aukning hefur orðið síðan árið 2004. Einnig ræddi hann umhverfisfræðslu og slagorðakeppni á þemadögum í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, en efnt var til keppni í hönnun á slagorði fyrir sveitarfélagið og veitti Sorpstöðin verðlaun fyrir slagorðið " Minna sorp - Betra þorp" Rætt um tunnuvæðingu í Árborg, Ölfusi og Hveragerði en Sorpstöðin og Verkfræðistofa Suðurlands önnuðust undirbúning að þessari tunnuvæðingu. Einnig rætt um landgræðslu, vistvernd í verki og um verkefnið "Sóun" sem gengur út á að meta umfang og ástæður sóunar í íslensku samfélagi, en það hefur ekki verið rannsakað, könnun er í gangi.

Ársreikningar og fjárhagsáætlanir.

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, framkvæmdastjóri, kynnti ársreikning Sorpstöðvar Suðurlands fyrir árið 2005 og fjárhagsáætlun fyrir árin 2006 og 2007 auk tillögu að gjaldskrá.

Vísað til fjárhagsnefndar.

Björn Halldórsson kynnti svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005 - 2020 og stöðu þess í dag. Áætlunin tekur til fjögurra sorpsamlaga og 43ja sveitarfélaga á suðvesturlandi.

Almennar umræður

Guðmundur Tryggvi vildi benda á bækling sem lá frammi um flokkun úrgangs, einnig voru þar pappírspokar undir dagblöð og tímarit.

Fundi frestað til 8. september.

Fundi haldið áfram 8. september.

Nefndarálit.

Fjárhagsnefnd.

Ársreikningur 2005.

Nefndin leggur til að ársreikningur Sorpstöðvar Suðurlands fyrir árið 2005 verði samþykktur.

Ársreikningurinn samþykktur.

Fjárhagsáætlun 2007.

Fjárhagsáætlun Sorpstöðvar Suðurlands fyrir árið 2007 tekin fyrir ásamt hækkun á gjaldskrá.

Reiknað er með 5% hækkun á gjaldskrá og almennum kostnaði þar sem það á við.

Gert er ráð fyrir 3% aukningu á sorpmagni.

Kostnaður við útfærslu svæðisáætlunar, meðal annars undirbúningur að nýjum urðunarstað eykst frá fyrstu áætlun og er nú gert ráð fyrir allt 4 milljóna kostnaði á ári.

Nefndin leggur til að áætlunin verði samþykkt.

Fjárhagsáætlunin samþykkt.

Kjörbréfa- og kjörnefnd.

Sorpstöð Suðurlands

Stjórn:

Elva Dögg Þórðardóttir, form.

Ólafur Áki Ragnarsson, varaform.

Örn Þórðarson

Árborg

Ölfusi

Rangárþingi ytra

Varamenn:

Björn Bjarndal Jónsson
Aldís Hafsteinsdóttir
Unnur Brá Konráðsdóttir

Árborg
Hveragerði
Rangárþingi eystra

Samþykkt.

Skoðunarmenn:

Elín Einarsdóttir
Guðmundur Þ. Guðjónsson

Mýrdalshreppi
Hveragerði

Til vara:

Herdís Þórðardóttir
Sigurður Jónsson

Hveragerði
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmundur Þór Guðjónsson, fundarstjóri

Unnur Þormóðsdóttir, fundarstjóri

Helga Kristjánsdóttir, fundarritari

Björg Hilmisdóttir, fundarritari.